

LÖG

um breytingu á búnaðarlögum og lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (leiðbeiningarþjónusta, búvörusamningar o.fl.).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Breyting á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „eins búnaðarsambands eða fleiri“ í 4. tölul. kemur: Bændasamtaka Íslands.
- b. 11. tölul. orðast svo: *Landsráðunautur eða fagstjóri* er ráðunautur sem hefur yfirumsjón með leiðbeiningum á sínu sviði á landsvísu.
- c. 12. tölul. fellur brott.

2. gr.

Í stað orðsins „leiðbeiningarmiðstöðvar“ í 8. gr. laganna kemur: leiðbeiningarmiðstöð.

3. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Allir bændur eiga rétt á leiðbeiningarþjónustu samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

18. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Leiðbeiningar.

Hjá leiðbeiningarmiðstöð starfa ráðunautar sem sinna faglegum leiðbeiningum fyrir bændur undir faglegri umsjón Bændasamtaka Íslands. Þeir annast eftirlit með búfjárrækt og kynbótum í þeim greinum sem lög þessi taka til. Þeir annast einnig eftirlit með jarðabótum og úttekt jarðabóta eftir því sem við á, sbr. 8. gr.

Ráðunautar skulu hafa lokið háskólaprófi í búvísindum eða öðrum fræðigreinum eftir því sem við getur átt eða hafa menntun og starfsreynslu sem stjórn Bændasamtaka Íslands metur jafngilda.

Landsráðunautar eða fagstjórar skulu starfa í einstökum búgreinum eða fagsviðum eftir því sem um er samið skv. 1. mgr. 3. gr. og fjárveiting heimilar. Þeir hafa yfirumsjón með leiðbeiningum, kynbótum og ræktun í viðkomandi búgrein.

Landsráðunautar eða fagstjórar skulu hafa lokið háskólaprófi í búfræðum og hafa lokið sérnámi á sínu starfssviði eða hafa menntun og starfsreynslu sem stjórn Bændasamtaka Íslands metur jafngilda.

II. KAFLI

Breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

5. gr.

Í stað ártalsins „2015“ í 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 41. gr. og fyrirsögn IX. kafla laganna kemur: 2017.

6. gr.

Í stað ártalsins „2014“ í 3. mgr. 53. gr. og fyrirsögn X. kafla laganna kemur: 2016.

7. gr.

Í stað ártalsins „2011“ í fyrirsögn XI. kafla laganna kemur: 2015.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða T í lögnum:

- a. Orðin „um tvö ár“ í 6. másl. falla brott.
- b. Í stað ártalsins „2015“ í 6. og 8. másl. kemur: 2017.
- c. Í stað ártalsins „2014“ í 7. másl. kemur: 2016.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða W í lögnum:

- a. Í stað ártalsins „2014“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: 2016.
- b. Á eftir orðunum „öskufalls eða jökulflóða“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: vegna óvenjulegs veðurfars.
- c. Í stað orðanna „enda sé a.m.k. annað þessara skilyrða einnig uppfyllt“ í 1. másl. 1. mgr. koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Með sama fororði er heimilt að greiða bein- greiðslur til lögbýlis vegna ráðstafana sem ráðherra hefur fyrirskipað fyrir árslok 2012 til útrýmingar á sjúkdómi. Greiðslur samkvæmt þessu ákvæði eru þó aðeins heimilar ef a.m.k. annað eftirgreindra skilyrða er uppfyllt.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða X í lögnum:

- a. Í stað orðanna „og 2014“ í 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. kemur: 2014, 2015 og 2016.
- b. Á eftir orðunum „öskufalls eða jökulflóða“ í 1. mgr. kemur: vegna óvenjulegs veðurfars.
- c. Í stað ártalanna „2007–2010“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: 2008–2011.

Nr. 129

28. desember 2012

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 2012.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ásta R. Jóhannesdóttir.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Steingrímur J. Sigfússon.

A-deild – Útgáfud.: 31. desember 2012